

Þriðjudaginn 2. september 1997.

Nr. 355/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Gunnari Ólafssyni

(Sveinn Andri Sveinsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómamarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. ágúst 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. september sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. ágúst 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 8. október 1997 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. ágúst 1997.

Ár 1997, föstudaginn 29. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Gunnari Ólafssyni, kt. 121174-3329, Smárahvammi 8, Hafnarfirði, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur verður kveðinn upp í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 8. október nk. kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík rannsakar nú stórfellt fíkn-

efnamisferli. Upphaf rannsóknarinnar má rekja til þess, að 2. ágúst sl. komu til skoðunar hjá tollgæslunni að Ármúla 25, Reykjavík, tvær hraðsendingar frá Bretlandi, sem höfðu að geyma alls 783 e-töflur.

Við rannsókn málsins hefur grunur lögreglu beinst að því, að kærði eigi aðild að málinu. Kærði er starfsmaður Pósts og síma hf. og vinnur m. a. við að aka út ábyrgðar- og hraðpóstssendingum. Í framburði kærða fyrir dóm-inum 16. ágúst sl. kveður hann Sigurð Þórðarson, sem er einn þeirra, er nú sæta gæsluvarðhaldi, hafa sett sig í samband við sig og m. a. spurt sig út í vinnutíma sinn hjá Pósti og síma og í hverju starf sitt væri fólgið. Kveðst kærði eftir það nokkrum sinnum hafa rætt við Sigurð í síma og sagt honum, í hvaða hverfum hann væri að vinna, en kærði kveðst allajafna sjá um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Samkvæmt framburði Sigurðar Þórðarsonar átti kærði að fá greiddar 250.000 kr. fyrir að gefa nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um, hvernig koma ætti efninu til skila. Samkvæmt framburði Péturs Ásgeirssonar var ákveðið, að kærði tæki pakkana með efninu í ásamt öðrum pósti laugardaginn 2. ágúst og kæmi þeim til Sigurðar Þórðarsonar. Þar sem kærði var ekki á vakt daginn, sem pakkarnir voru bornir út, hafi verið ákveðið að standa vörð við heimili viðtakenda í þeim tilgangi að ná pökkunum úr póstkössunum, áður en þeir bærust til viðtakenda. Gæslufangarnir Pétur Bruno Scheving Thorsteinsson og Sigurður Þórðarson hafi staðið vörð við heimili annars viðtakandans, en kærði Gísli Elmarsson og Atli Þórðarson við heimili hins.

Kærði hefur neitað að eiga með nokkrum hætti aðild að fíkniefnamisferli þessu. Kærði hefur hins vegar staðfest að hafa verið á ferð í Hvammahverfi í Hafnarfirði að beiðni Sigurðar laugardaginn 2. ágúst sl. og hitt þar tvo menn, og hafi hann ásamt þeim verið staddur í Suðurhvammi, þegar póstmaður kom akandi og fór síðan með póstsendingu inn í stigangang fjölbýlishúss þar. Í ljósi þessa svo og með vísan til framburðarskýrsla þeirra, sem fyrir liggja í málinu og benda sterklega til, að innflutningur þessi á 783 e-töflum hafi verið vandlega skipulagður, verður að telja sterkan grun leika á, að kærði eigi aðild að innflutningi þessum.

Brot þau, sem kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað hann allt að tíu ára fangelsi samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Með vísan til framangreinds og skírskotun til gagna málsins þykir sterkur grunur liggja fyrir um, að kærði hafi brotið gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga. Þar sem um er að ræða svo alvarlegt brot sem stórfellt fíkniefnamisferli, verður með skírskotun til framangreinds og vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að fallast á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Gunnar Ólafsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur verður kveðinn upp í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 8. október nk. kl. 16.00.
